# Bláskógaljós

# Ársreikningur 2019

Bláskógaljós
Kt. 430519-0340
Aratungu
801 Selfoss

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra ........ 3

Áritun endurskoðanda ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Sjóðstreymisyfirlit ........ 6

Skýringar ........ 7

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Bláskógaljós er stofnun Bláskógabyggðar sem var stofnuð á árinu 2019 og er tilgangur Bláskógaljóss að leggja og reka ljósleiðarakerfi í Bláskógabyggð.

Enginn rekstur var á árinu 2019. Framkvæmdir ársins vegna ljósleiðarakerfis námu 76,2 millj. kr. Á árunum 2017 og 2018 féll til framkvæmdakostnaður og voru þær framkvæmdir færðar hjá Bláskógabyggð ásamt innkomnum styrkjum, en eru nú færðar yfir í Bláskógaljós. Styrkir frá Fjarskiptasjóði Íslands og Byggðastofnun námu samtals 48,5 millj. kr. og eru færðir á móti framkvæmdakostnaði. Nettó eignfærsla Bláskógaljóss í árslok 2019 er 34,7 millj. kr.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri Bláskógabyggðar staðfesta hér með ársreikning Bláskógaljóss fyrir árið 2019 með undirskrift sinni.

Aratungu, 28. maí 2020.

Sveitarstjórn:

Sveitarstjóri:

# Áritun endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Bláskógaljóss fyrir árið 2019 byggt á þeim upplýsingum sem sveitarstjórn og sveitarstjóri hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða stofnunina við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglegahæfni og varkárni.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Selfossi, 28. maí 2020.

***KPMG ehf.***



# Efnahagsreikningur 31.desember 2019

| | Skýr. | 2019 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | |
| Ljósleiðari ........................................ | | 34.665.715 |
| Fastafjármunir samtals | 2 | 34.665.715 |
| **Veltufjármunir** | | |
| Skammtímakröfur ........................................ | | 24.638.474 |
| Veltufjármunir samtals | | 24.638.474 |
| **Eignir samtals** | | 59.304.189 |
| **Eigið fé** | | |
| Óráðstafað eigið fé ........................................ | | 0 |
| Eigið fé samtals | | 0 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Skuldir við Bláskógabyggð ........................................ | | 53.320.989 |
| Áfallinn kostnaður ........................................ | | 5.983.200 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 59.304.189 |
| Skuldir samtals | | 59.304.189 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 59.304.189 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

| | Skýr. | 2019 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarniðurstaða | | 0 |
| Veltufé frá rekstri | | 0 |
| Handbært fé frá rekstri | | 0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í ljósleiðara | 2 | ( 34.665.715) |
| Skammtímakröfur vegna fjárfestingar, breyting | | ( 24.638.474) |
| Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar, breyting | | 5.983.200 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 53.320.989) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Skuldir við Bláskógabyggð, breyting | | 53.320.989 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 53.320.989 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 0 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast styrkir og tengigjöld og aðrar endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, frá því að eign er tekin í notkun þar til niðurlagsverði er náð.

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | **Ljósleiðari** |
|---|---:|
| Styrkur frá Fjarskiptasjóði | ( 44.514.498) |
| Styrkur frá Byggðastofnun | ( 4.000.000) |
| Framkvæmdir | 83.180.213 |
| Heildarverð 31.12.2019 | 34.665.715 |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 34.665.715 |